

**Nd.**

**345. Tillögur**

út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin  
1912 og 1913.

Frá Reikningslaganefndinni.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina:

1. Að gera ráðstafanir til að vextir af veðlánnum verði innheimtir tafarlaust.
2. Að rannsaka nákvæmlega, hvort eða að hve miklu leyti hlutafjlagið »Íðunn« er fært um að greiða skuld sína til landssjóðs, og gera tafarlaust ráðstafanir til að innheimta það, sem fánlegt kynni að vera.
3. Að sjá um að skrifstofukostnaður við æðstu stjórn landsins fari framvegis sem allra minst fram yfir fjárveitingu.
4. Að skora á stjórnina, að leita jafnan aukafjárveitingar fyrir öllum umframgreiðslum, nema þegar svo stendur á, að nauðsynlegt er að verja meiru fje en áætlað hefir verið, til einhvers mannvirkis til að fyrirbyggja tjón, sem af drætti á framkvæmd verksins getur stafað.
5. Að eftirliti með bændaskólunum verði hagað líkt og áður var meðan þeir voru nefndir búnaðarskólar og stóðu undir eftirliti amtsráðanna, þannig, að til þess verði skipuð nefnd manna, sem tækifæri hafa til að athuga iðulega framkvæmdir og ástand skólabúanna og skólanna yfirleitt.
6. Að dagpeningar starfsmanna landsins, sem að undanfögnu hafa verið mjög á reiki, ýmist 6 eða 8 krónur á dag, verði framvegis ekki reiknaðir yfir 5 krónur á dag, sem virðist nægilega hátt, auk ferðakostnaðar.
7. Að reikningar efnarannsóknarstofunnar, sem að undanfögnu hafa verið mjög á eftir tímanum, verði heimtaðir svo snemma, að tekjurnar geti komið fram á reikningsári því, sem þær tilheyra.
8. Að sala á niðursuðuverksmiðjunni á Ísafirði verði reynd á þessu ári, og jafnframt verði rannsakað hvort fyrverandi eigandi ekki er fær um að greiða það, sem á kann að vanta, svo að skuldinni, sem á verksmiðjunni hvílir, verði að fullu lokið.